


# Joekoen sjiehteles ryöjnesjæjja

Höfundur texta: Anne-Grethe Leine  
Bientie (Noregi) Höfundur mynda: Meerke  
Laimi Thomasson Vekterli (Noregi) Íđut, 2014  
Var tilnefnd til Barna- og  
unglingabókaverðlauna Norđurlandaráđs 2018.

Sögupráđur: Bókin byggist á raunverulegum atburđum og fjallar um Jakob litla sem þurfti að gæta hreindýrahjarđar aleinn. Johan, stóri bróđir hans, brennist á fæti og getur ekki gætt hreindýranna lengur. Þá verða yngri systkini hans, Nella og Jakob, að taka við. Eftir nokkra daga er maturinn búinn og Nella verður að fara að sækja meiri mat. Jakob er einn eftir með hundinum Gujm dögum saman. Honum er kalt, hann er svangur og blautur og hefur engan annan félagskap en Gujm og hreindýrin. Hann óttast líka úlfinn. Hann mjólkar hreinkú til að slá á versta hungriđ. Hann reynir líka að veiða fisk en það gengur ekki vel. Loks birtist pabbi hans með mat og þurr föt handa Jakobi. Pabbi er stoltur af yngsta syni sínum.

Efnisorđ: náttúra, samkennd, virđing fyrir náttúrunni, sjálfstæði, ábyrgð, hugrekki, sigrast á hræðslu, hreindýr, Samaland



ISBN 978-952-7486-54-2

## Samtöl og leikur:

### SKOĐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðiđ myndirnar með barninu. Hvaða dýr finniđ þiđ? Hvar er strákurinn? Þekkiđ þiđ kannski hund sem er hægt að klappa og leika sér við?

### LEIKSKÓLABÖRN

1. Skođađu kápumyndina, um hvað heldurđu að bókin sé?
2. Geturđu taliđ hreindýrin sem Jakob á að gæta? Skođađu allar myndirnar og teldu öll dýr af ýmsum tegundum sem þú finnur.
3. Í bókinni eru hundar, fuglar, hreindýr, fiskar og úlfar. Veistu hvernig hljóđ þessi dýr gefa frá sér? Hvaða hljóđ heldurđu að Jakobi finnist best, hvers vegna? Er Jakob kannski hræddur við eitthvert hljóđ? Hvers vegna?
4. Skođađu myndina á blađsíðu 27: Hvað er Jakob að gera? Hvernig hjálpast Jakob og dýrin að?

### BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Jakob er aleinn uppi í fjalli með hundinum Gujm. Um hvað heldurđu að þeir séu að tala? Um hvað myndir þú tala við hundinn þinn? Teiknađu hundinn þinn eða hund sem þú myndir vilja eiga.

2. Jakob er með mikla heimþrá því hann er aleinn og svangur, en hann er búinn að lofa því að gæta hreindýranna. Hefurðu einhvern tíma verið eins einmana og Jakob? Kannski hefurðu þurft að gæta litlu systkina þinna eða gæludýra.

3. Skoðaðu opnuna á blaðsíðu 22- 23: Hvernig heldurðu að Jakobi og Gujm líði? Um hvað heldurðu að þeir séu að hugsa?

### BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?



2. Hvernig heldurðu að þér hefði gengið ef þú hefðir þurft að gæta hreindýrahjarðar, eða verið ein/n uppi í fjalli í heila viku? Hvað hefðirðu borðað, hvað hefðirðu gert, hvar hefðirðu sofið, hvað hefðirðu þurft að hafa með þér, hvaða dýr hefðu orðið á vegi þínum? Skrifðu og teiknaðu sögu.

3. Lestu og skoðaðu opnuna á blaðsíðu 20-21: Jakob heyrir í fugli. Hvernig finnst honum fuglinn hljóma?

4. Hvað heldur þú, skilja dýr og fólk hvert annað?

5. Pabbi Jakobs er stoltur af syni sínum sem gætti hreindýranna aleinn. Kannaðu hvað hreindýrahirðar þurfa að kunna.

6. Samaland er nafnið á svæði þar sem Samar hafa búið öldum saman. Finndu landakort og leitaðu að Samalandi.

### ÖNNUR BÓK SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Aima møder Fjeldets Moder. Höfundur: Bolatta Silis-Høegh

Det var ikke en busk. Höfundur: Eli Hovdenak

### MÁLAMOLI

## "Hreindýr"

sænska

Ren

danska

Rensdyr

norska

Rensdyr

íslenska

Hreindýr

færeyska

Reindjór

grænlenka

Tuttu

finnska

Poro

Norðursamíska

Boazu

Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)